

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands Haldinn á Hvítárbakka þann 27. ágúst 2000

Mættir voru á fundinn: Gunnar Einarsson formaður, Sigurður Helgason, Eggert Kjartansson, Ásbjörn Pálsson, Kristján Mikkaelsson gjaldkeri, Guðrún S. Kristjánsdóttir, Jóhann P. Jónsson, Harpa Jóhanna Reynisdóttir, Guðmundur Kr. Guðmundsson, Svanur Guðmundsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Kristján Ingi Jónsson, Gunnar Þór Þorsteinsson, Haukur Engilbertsson, María Dóra Þórarinsdóttir, Unnur Ólafsdóttir og Dagbjartur Dagbjartsson ritari.

Gunnar Einarsson formaður setti fundinn og stakk uppá Svani Guðmundssyni sem fundarstjóra og Unni Ólafsdóttur sem fundarritara, það var samþykkt.

Gunnar Einarsson flutti skýrslu stjórnar, hann sagðist núna myndu hætta sem formaður. Hann talaði um megin markmið félagsins, að halda fjárhundakeppnir og þjálfun smalahunda. Hann talaði um árangur keppna sem hafa mjakast í rétta átt. Hann taldi jákvætt að fá til landsins Skoska dómara, til að dæma og ráðleggja. Honum fannst ennþá allt of fáir keppendur og allt of lítil vinna lögð í þessa hunda sem verið er að keppa með. Í dag var 300 metra keppnisbraut og einnig á Daðastöðum, Gunnar vill að eftir um 5 ár verði 6-800 metra keppnisbraut. Gunnar talaði einnig um að það yrði að efla ræktun undan tömdum hundum, til að rækta upp góða eiginleika.

Kristján Mikkaelsson lagði fram reikninga félagsins. Stæðsti kostnaðarliðurinn er það að fá til landsins Skoska dómara, rætt var aðeins um fleiri tekjumöguleika og að nýta betur Skosku dómara til að halda námskeið og þess háttar. Reikningarnir samþykktir.

Kristján Mikkaelsson kom með tillögu um hækkun á félagsgjöldum í kr. 1.500.-og var það samþykkt

Gunnar talaði um keppnisreglur fyrir félagið, og vill heldur gefa út leiðbeinandi reglur fyrir keppendur. Skipuð var nefnd til að taka saman keppnis-/leiðbeinandi reglur fyrir félagið. Í þeirri nefnd eru María Dóra Þórarinsdóttir, Kristján Ingi Jónsson og Harpa Jóhanna Reynisdóttir. Stefnt er að því að gera þetta fyrir næsta keppnistímabil og birta tillögurnar í fréttabréfi ca. í apríl 2001.

Gunnar Einarsson kom með tillögu um að halda næstu landskeppni á Austurlandi, í framhaldi af því var lögð fram svohljóðandi tillaga: Stefnt er að, að halda næstu landskeppni á Austurlandi, en stjórn félagsins skal falið að finna annan stað ef það stenst ekki. Þetta var samþykkt.

Stjórnarkjör: Gunnar Einarsson gengur úr stjórn og nefndi Þorvarð Ingimarsson á Eyrarlandi sem sinn eftirmann. Það var samþykkt.

Skoðunarmaður reikninga: María Dóra Þórarinsdóttir.

Fundurinn beinir því til stjórnar að sækja um framlög, t.d. til Framleiðnisjóðs.

Sigurður Helgason kom með spurningum um að setja mikrafón á smala í keppni svo að áhorfendur heyrðu betur í þeim og hefðu meira gaman af að horfa á. Vel var tekið undir þetta og talið jákvætt að prófa þetta.

Gunnar Einarsson talaði um að setja markið hærra og hærra með hverju árinu og gera keppnirnar erfiðari, stig af stigi.

Guðmundur Kr. Guðmundsson spurði hvort félagið vildi ekki þjálfva fleira fólk til dómsstarfa fyrir minni keppnir, ágætlega var tekið undir það.

Eggert Kjartansson, sagði frá reynslu Snæfellinga af því að stofna deild, það hefði verið ánægjulegt og fjölgað hefði um 20 manns í félaginu á Snæfellsnesi við þessa stofnun. Hann talaði einnig um að ekki lægi lífið á að gera keppnirnar erfiðari því þetta ætti líka að vera gaman. Hann þakkaði Gunnari fyrir vel unnin störf.

Kristján Mikkaelsson tilkynnti frestun á keppninni í Kjósinni, þar til eftir göngurnar. Keppnin yrði auglýst síðar. Hann þakkaði Gunnari samstarfið síðast liðið ár.

Svanur sleit fundi og þakkaði Gunnari fyrir vel unnin störf fyrir félagið, og þakkaði einnig Hörpu og Jóhanni á Hæl fyrir dugnað og drift í þágu félagsins.

Fundarritari
Unnur Ólafsdóttir.